

Úttektarverkefni haustið 2003

**Líðan nemenda í grunnskólum
á Akureyri**



Akureyri, desember, 2003

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Aðdragandi verkefnisins	4
Niðurstöður kannananna	5
Athugasemdir um líðan	12
Samantekt á helstu niðurstöðum	13
Lokaorð	15

Inngangur.

Könnun þessi á líðan nemenda í grunnskólum á Akureyri er unnin á vegum Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Könnunin er gerð að beiðni Skólanefndar Akureyrar og unnin af Ingólfi Ármannssyni, fv. skóla- og menningarfulltrúa.

Framkvæmd könnunarinnar var í stórum dráttum þannig:

- Könnunin var lögð fyrir alla nemendur skólanna í 4.-10. bekk í annarri viku í desember 2003.
- Við könnunina var notað forritið Glerverk og öllum nemendunum ætlað að svara spurningunum í tölvuforritinu.
- Könnunin var að mestu leyti framkvæmd sama daginn hjá öllum nemendum.
- Hver skóli skipulagði framkvæmd könnunarinnar hjá sér, eftir aðstæðum á hverjum stað.

Helstu niðurstöður úr könnuninni koma fram hér á eftir í þessari skýrslu.

Akureyri 5. febrúar 2004

Trausti Þorsteinsson
Forstöðumaður
Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

Aðdragandi verkefnisins.

Í starfsáætlunum grunnskólanna eru sett fram ýmis markmið varðandi starfsemi þeirra á hverju starfsári. Til að skólarnir og viðkomandi skólanefnd geti nýtt sér starfsáætlun sína sem best er æskilegt að hverri markmiðslýsingu fylgi einhver mælanleg viðmið, til að auðvelda þeim sem tengjast starfsemi skólans að fylgjast með hvernig gangi að nálgast þau markmið sem sett hafa verið.

Á vegum menntamálaráðuneytis er skólunum send svonefnd samræmd próf, þar sem hugmyndin er að þau geti verið tæki til að mæla hvernig viðkomandi nemendum og skólunum tekst að nálgast ákveðin námsmarkmið út frá ramma námsskránni í viðkomandi fögum.

En það er einnig nauðsynlegt fyrir skólana að setja sér ákveðin markmið, til skemmri eða lengri tíma, á ýmsum öðrum sviðum eins og t.d. hvað varðar líðan nemendanna í skólunum.

Til þess að skólarnir geti sett fram ákveðin markmið um líðan nemenda þurfa þeir að koma sér upp einhverjum grunnviðmiðunum, þar sem hægt er að fá fram, frá ári til árs, hvernig líðan nemenda er.

Vitað er að flestir skólarnir á Akureyri hafa gert kannanir á eigin vegum, til að fá upplýsingar um líðan sinna nemenda.

Nú er skólanefnd ætlað að gera starfsáætlun fyrir þá starfsemi sem hún ber ábyrgð á og því óskuðu skólayfirvöld á Akureyri eftir, að skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri gerði könnun á líðan nemenda í öllum grunnskólum bæjarins, til að fá sameiginlegt viðmið fyrir grunn-skólana í bænum um þetta mikilvæga atriði.

Byrjað var á því að fara yfir nokkrar fyrri kannanir um svipað efni og vinna upp spurningalista út frá þeim gögnum. Síðan var gerð forkönnun í þremur deildum í Hrafnagilsskóla, þ.e.a.s. deildum í 3. bekk, 6. bekk og 9. bekk. Eftir forkönnunina var ákveðið að leggja spurningalistann ekki fyrir í 1.–3. bekk, þar sem í ljós kom að nokkur hópur nemenda í þriðja bekk var ekki kominn með nægjanlega lestrarfærni til að taka þátt í könnuninni, án aðstoðar. Þá voru einnig gerðar nokkrar breytingar á spurningunum, til að tryggja betur að nemendurnir skildu texta þeirra nógu vel.

Í framhaldi af fundi með skólastjórum grunnskólanna á Akureyri var ákveðið að leggja spurningalistann fyrir alla nemendur í 4.-10. bekk í grunnskólunum á Akureyri. Til að auðvelda framkvæmdina var notað könnunarforritið Glerverk, sem reynst hefur vel í hliðstæðum könnunum. Glerverk er sérstakt forrit sem býður upp á að geyma spurningalista og þátttakendur geta svarað honum beint inn í forritið. Á þann hátt getur forritið birt samantektar-niðurstöður strax að svörun lokinni. Hver skóli sá um sjálfa framkvæmd könnunarinnar hjá sér, þannig að allir nemendur 4.-10. bekkja svöruðu spurningum könnunarinnar í tölvum í heimaskóla sínum. Settar voru inn bakgrunnsbreytur í könnunina, þannig að hægt væri að skoða skiptingu svara bæði eftir kyni nemenda og eftir bekkjum, þar sem ástæða þætti til. Úrvinnsla könnunarinnar var síðan í höndum skólaþróunarsviðs H.A. og miðaðist við að fá fram heildarniðurstöður fyrir alla skólana á Akureyri. Hver skóli hefur síðan aðgang að niðurstöðum úr sínum skóla til samanburðar eftir því sem þeim finnst ástæða til.


Niðurstöður kannananna.

Í könnuninni tóku þátt alls 1.606 nemendur eða 87,8 % af þeim 1.830 nemendum sem skráðir voru í 4.–10. bekki í grunnskólunum á Akureyri á haustönn skólaárið 2003–2004, þannig að skekkjumörk ættu yfirleitt að vera fremur þröng.


Hér á eftir fara helstu niðurstöður hverrar spurningar og einnig nokkur samanburður á svörum við spurningum sem eru efnislega tengdar.

1. Finnst þér gaman í skólanum?

Þessi fyrsta spurning tengist nokkuð spurningu 6 og þeirri síðustu, þ.e.a.s. 15. spurningu, þar sem þær leitast allar við að fá fram almenn svör um líðan nemendanna í skólanum.



Mynd 1



Mynd 2


Á mynd 1 sést að af þeim 1.606 nemendum sem svara, þá eru 78,1 % þeirra sem finnst alltaf eða næstum alltaf gaman í skólanum. Af þeim sem finnst sjaldan eða næstum aldrei gaman í skólanum kemur fram að þar eru strákar nálega tvöfalt fleiri. Hlutfallslegur munur á milli kynja er 14,1 %.

Á mynd 2 sjáum við síðan að fjöldi þeirra sem finnst sjaldan eða næstum aldrei gaman í skólanum fer vaxandi með aldri nemenda. Þannig rúmlega þrefaldast hlutfallið á milli 4.–5. bekkjar og 8.–10. bekkjar.


Það er því greinilega marktækur munur bæði eftir kynjum og eftir bekkjum.

2. Hefur þú áhuga á því sem kennt er í skólanum?

Með þessari spurningu er leitað upplýsinga um áhuga á því námsefni sem skólarnir bjóða nemendum upp á.



Mynd 3




Mynd 4

Á mynd 3 kemur fram að 71,1 % nemenda hefur mjög mikinn eða mikinn áhuga á námsefni skólanna og að hlutfallslega fleiri stúlkur en piltar hafa þennan námsáhuga, eða 13,8 % fleiri.


Þegar skiptingin eftir bekkjum er skoðuð kemur í ljós að áhuginn fyrir námsefninu er mun meiri í yngstu bekkjunum eða 28,3 % meiri í 4.-5. bekkjum en í 8.-10. bekkjum.

3. Er góður vinnufriður í bekknum?

Með þessari spurningu er meðal annars verið að athuga hvort marktæk tengsl séu á milli áhuga á námsefninu og góðs vinnufriðar í bekkjunum.



Mynd 5



Mynd 6

Eins og sést á mynd 5, þá virðist meirihluti nemenda, eða 51,1 %, telja að sjaldan eða aldrei sé um góðan vinnufrið að ræða í kennslustundum og munur á afstöðu stráka og stelpna er ekki marktækur.

Ekki virðist afgerandi munur á vinnufriði eftir bekkjum, þó að vinnufriður virðist einna minnstur í 6. – 7. bekk samkvæmt þessari könnun.

4. Færð þú að vera með í því sem þig langar til?

Í spurningu 4 svo og í 5. og 7. spurningu er leitað upplýsinga um félagsleg tengsl nemenda og hvort tilboð skólanna hjálpa til við að koma á og viðhalda slíkum tengslum nemenda.

<i>mjög oft</i>	<i>oft</i>	<i>sjaldan</i>	<i>aldrei</i>	<i>samtals</i>
695	681	190	31	1597
43,5%	42,6%	11,9%	1,9%	100,0%

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan, þá er það mat mikils meirihluta nemenda, eða 86,1 % þeirra, að þeir fái yfirleitt að vera með í því sem þá langar til.


5. Áttu góða vini í skólanum?

<i>marga</i>	<i>þó nokkra</i>	<i>fáa</i>	<i>engna</i>	<i>samtals</i>
914	497	159	29	1599
57,2%	31,1%	9,9%	1,8%	100,0%


Hér sjáum við að flestir nemendur, eða 88,3 % þeirra, telja sig eiga marga eða þó nokkra góða vini í skólanum.

6. Kvíðir þú fyrir að fara í skólann?

Hér, eins og í 1. og 15. spurningu, er leitað upplýsinga um einn þátt í líðan nemendanna, þ.e.a.s. kvíðann.



Mynd 7



Mynd 8

Á mynd 7 sjáum við að það eru 6,9 % eða 111 þeirra nemenda sem svara könnuninni, sem kvíðir mjög oft eða oft fyrir að fara í skólann. Af þeim sem kvíðir mjög oft eða oft fyrir eru nokkru fleiri strákar en stelpur, en þó er tæpast marktækur munur eða aðeins 1,3 %.

Ef við skoðum niðurstöðurnar eftir bekkjum á mynd 8 kemur fram að í 8.-10. bekkjum eru fæstir sem kvíða mjög oft eða oft fyrir því að fara í skólann, þó að munurinn sé ekki mikill eða 1,4 % og 2,3 % á milli árganganna.

7. Tekur þú þátt í félagsstarfi (klúbbum, böllum o.þ.h.) í skólanum?

<i>mjög oft</i>	<i>oft</i>	<i>sjaldan</i>	<i>aldrei</i>	<i>samtals</i>
448	538	421	188	1595
28,1%	33,7%	26,4%	11,8%	100,0%


Í töflunni hér að ofan kemur fram að 61,8 % þeirra nemenda sem svara taka mjög oft eða oft þátt í félagsstarfi í skólanum.

<i>Bekkir</i>	<i>4.b</i>	<i>5.b</i>	<i>6.b</i>	<i>7.b</i>	<i>8.b</i>	<i>9.b</i>	<i>10.b</i>
Hlutfall af mjög oft og oft	55,6%	61,4%	60,0%	68,9%	62,1%	58,7%	68,9%


Við samanburð eftir bekkjum sjáum við að þátttaka svarenda í félagsstarfi í skólunum er minnst í 4. bekk, eins og við var að búast, en ekki afgerandi munur á þátttöku nemenda í 5. – 10. bekk.

8. Finnst þér gott að leita til umsjónarkennarans þíns?

Í spurningum 8 – 10 er verið að kanna viðhorf nemenda til starfsfólks skólanna og til hverra þeir leita oftast ef þau þarfnast aðstoðar.



Mynd 9




Mynd 10


Eins og sést á mynd 9 þá eru það 61,1 % svarenda sem alltaf eða oftast finnst gott að leita til umsjónarkennara síns.

Á mynd 10 kemur svo fram að það er verulegur munur eftir kynjum, þannig að 67,0 % af hópi stelpna finnst alltaf eða oftast gott að leita til umsjónakennara síns en aðeins 52,6 % stráka.

9. Finnst þér gott að leita til annarra kennara ?



Mynd 11




Mynd 12


Á mynd 11 kemur greinilega fram að mun færri, eða aðeins 36,2 % svarenda, finnst alltaf eða oftast gott að leita til annarra kennara en umsjónarkennara síns.

Á mynd 12 sést að stelpurnar leita þó oftast til annarra kennara en strákar, þó að munurinn sé ekki eins afgerandi.

10. Finnst þér gott að leita til annars starfsfólks í skólanum?



Mynd 13




Mynd 14

Hliðstæðar upplýsingar koma fram hér á mynd 13 og var á mynd 11, að það eru ekki nema 36,4 % svarenda sem finnst alltaf eða oftast gott að leita til annars starfsfólks í skólanum.


Á mynd 14 kemur skirt fram að nemendur yngstu bekkjanna leita mun frekar til annars starfsfólks en nemendur eldri bekkjanna. Þannig eru það hlutfallslega 34,7 % fleiri nemendur í 4. og 5. bekkjum en nemendur í 8. – 10. bekkjum sem leita mjög oft eða oft til annars starfsfólks.

11. Er þér strítt í skólanum?

Spurningar 11 – 14 tengjast, þar sem þær fjalla allar um stríðni.



Mynd 15



Mynd 16

Á mynd 15 kemur fram að 7 % svarenda, sem er 113 nemendur, telja að þeim sé strítt mjög oft eða oft. Á sömu mynd kemur einnig fram að strákunum er strítt hlutfallslega oftar en stelpunum, þó að munurinn sé ekki nema 3,4 %.

Á mynd 16 sést hins vegar að stríðnin virðist mest í 4. og 5. bekk en fer síðan minnkandi, þó að 7. bekkur og sérstaklega 9. bekkur skeri sig nokkuð úr með hærri hlutfallstölur en 6., 8. og 10 bekkur.

12. Stríðir þú skólafélögum þínum?

Hér er dæminu snúið við frá síðustu spurningu.

<i>mjög oft</i>	<i>oft</i>	<i>sjaldan</i>	<i>aldrei</i>	<i>samtals</i>
25	62	542	977	1606
1,6%	3,9%	33,7%	60,8%	100,0%

Það eru nokkru færri, eða 5,5 % svarenda, sem telja að þau stríði skólafélögum sínum.

13. Er einhverjum í bekknum strítt oftar en öðrum?


Hér er svo reynt að fá fram samanburð við næstu spurningar á undan.

<i>engum</i>	<i>einum til tveimur</i>	<i>þrem til fjórum</i>	<i>fimm eða fleiri</i>	<i>samtals</i>
494	875	150	62	1581
31,2%	55,3%	9,5%	3,9%	100,0%

Hér kemur fram að meira en helmingur svarenda, eða 55,3 %, telja algengast að einum til tveimur nemendum í hverjum bekk sé strítt. Í 4.-10. bekkjum grunnskólanna eru alls 85 deildir. Miðað við svörin við spurningu 11, þar sem 113 nemendur telja að sér sé strítt mjög oft eða oft, þá virðist það í nokkuð góðu samræmi við svörin hér að ofan, að algengast sé að einum til tveimur nemendum sé strítt oftar en öðrum í hverri bekkjardeild.

14. Hvar er helst verið að stríða í skólanum?

Lokaspurningin í þessum flokki er síðan hvar stríðnin eða eineltið fari einkum fram.




Mynd 17

<i>í kennslustofunni</i>	<i>á göngunum</i>	<i>á klósettunum</i>	<i>í leikfimi</i>	<i>í sundi</i>	<i>á leið í og úr skóla</i>	<i>í skólabíl</i>
359	657	38	159	62	215	57
23,2%	42,5%	2,5%	10,3%	4,0%	13,9%	


Eins og fram kemur á mynd 17 og í töflunni hér að ofan þá telja svarendur að langmest sé um stríðni á göngunum og í kennslustofunum en fremur lítið t.d. á klósettum eða í sundi. Skólaakstur er aðeins frá sumum skólunum og þá einkum litlir hópar í sund, þannig að hlutfallstölur þar eru ekki samanburðarhæfar. Því miður vantaði að spyrja um stríðni á skólalóðinni í könnuninni.

15. Líður þér vel í skólanum?

Að lokum var spurt beint um líðan nemandans í skólanum.



Mynd 18



Mynd 19

Eins og sést af mynd 18, þá eru það 88,2 % nemenda sem alltaf eða oftast líður vel í skólanum og af þeim sem líður sjaldan eða aldrei vel í skólanum eru strákar fleiri en stelpurnar sem nemur 6,2 %.

Á mynd 14 kemur fram að í yngstu bekkjunum líður hlutfallslega fleiri nemendum alltaf eða oftast vel, þó að munurinn sé ekki mikill.

Athugasemdir um líðan.

Í könnuninni var nemendum gefinn kostur á að svara með texta spurningunni “Viltu segja eitthvað um líðan þína í skólanum?”

Langflestir þeirra sem svöruðu þessari spurningu sögðu að sér liði vel í skólanum, eins og fram kemur í þessum sýnishornum:

- Líðan mín er mjög góð í skólanum.
- Mér finnst bara gaman í skólanum og mér líður vel þar.
- Mér líður vel í skólanum og á marga vini.
- Mér líður oftast ágætlega.
- Mér líður frábærlega í skólanum.
- Mér líður ágætlega í skólanum, þó að ég hafi lítinn áhuga á sumu sem okkur er kennt.
- Mér líður bara þokkalega hérna.
- Mér líður eiginlega betur í skólanum en heima.

En það voru líka svör frá nokkrum fjölda sem ekki líður vel og þar var m.a. eftirfarandi:

- Kennarinn hlustar aldrei á mann.
- Ég treysti ekki umsjónarkennaranum mínum.
- Það vantar vinnufrið í bekknum.
- Mér finnst ömurlegt í skólanum og hundleiðist.

- Mér verður alltaf óglatt þegar ég kem í skólann eða illt í maganum eða höfðinu.
- Kennarar sýni nemendum meiri virðingu.

Í þessum svörum komu einnig fram nokkrar ábendingar frá svarendum um aðbúnað sem þeim fannst að betur mætti fara í skólunum:

- Fá bekkir eða stóla á gangana í Brekkuskóla.
- Það vantar félagsmiðstöð í Giljaskóla.
- Vantar gangbrautarvörð á Hörgárbraut.
- Hafa bókasöfnin í Lundarskóla og Síðuskóla lengur opin.
- Óskir um betri mat í Giljaskóla og Glerárskóla.

Samantekt á helstu niðurstöðum.

Hér verður reynt að flokka spurningarnar og draga saman niðurstöður úr tengdum spurningum.

Líðan nemenda:

Spurning 1 – Finnst þér gaman í skólanum? – 78,1 % svarenda finnst alltaf eða næstum alltaf gaman.

Spurning 6 – Kvíðir þú fyrir að fara í skólann? – 93,1 % svarenda kvíðir sjaldan eða aldrei fyrir að fara í skólann.

Spurning 15 – Líður þér vel í skólanum? – 88,2 % svarenda líður alltaf eða oftast vel í skólanum.

Í þessum spurningum eins og öðrum má gera ráð fyrir eitthvað mismunandi skilningi eða túlkun nemenda á orðalagi spurninganna og þá einhverjum frávikum eða víðari skekkjumörkum þess vegna. Þannig getur nemandi eflaust metið það svo að honum líði vel í skólanum, þó að honum þyki ekki sérlega gaman þar. Ef til vill skýrir það að einhverju leiti mismuninn á niðurstöðum úr spurningum 1 og 15, sem að sumu leiti má líta á sem lykilsurningarnar í þessari könnun.

Í spurningum 2 og 3 er spurt um *námsefni skólanna og vinnufrið í kennslustundunum*.

Varðandi námsefnið þá telja 71,1 % svarenda að þau hafi mjög mikinn eða mikinn áhuga á því sem kennt er í skólanum.

Það er því athyglisvert að 51,1 % svarenda eða rúmur helmingur þeirra telur vinnufrið í kennslustundum sjaldan eða aldrei vera góðan, því að ekki er óeðlilegt að ætla að nokkur samsvörun ætti að vera á milli þess að nemandur séu sáttir við námsefnið og að vinnufriður haldist í kennslustofunum.

Það væri því forvitnilegt að reyna að kanna nánar áhrif annarra þátta á vinnufriðinn í kennslustofunum.

Tengsl nemenda við starfsfólk skólanna.

Spurning 8 – Finnst þér gott að leita til umsjónarkennara þíns? – 61,2 % svarenda finnst alltaf eða oftast gott að leita til umsjónarkennara síns.

Spurning 9 – Finnst þér gott að leita til annarra kennara? – 36,2 % svarenda finnst alltaf eða oftast gott að leita til annarra kennara.

Spurning 10 – Finnst þér gott að leita til annars starfsfólks í skólanum? – 36,4 % svarenda finnst alltaf eða oftast gott að leita til annars starfsfólks í skólanum.

Hér kemur skýrt fram að tengsl nemendanna við umsjónarkennara sinn eru yfirleitt mun meiri en við aðra kennara eða annað starfsfólk skólans.

Tengsl nemenda við starfsfólk skólanna hefur eflaust áhrif á ýmsa aðra þætti sem spurt var um, eins og t.d. vinnufriðinn í kennslustofunum.

Stríðni í skólunum.

Valið var að nota orðið stríðni í spurningunum frekar en t.d. einelti, þar sem búast má við að skilgreining nemenda á einelti geti verið mjög mismunandi.

Spurning 11 – Er þér strítt í skólanum? – 7 % svarenda telja að þeim sé strítt mjög oft eða oft.


Spurning 12 – Stríðir þú skólafélögum þínum? – 5,5 % svarenda telja að þau stríði skólafélögum mjög oft eða oft.

Spurning 13 – Er einhverjum í bekknum strítt oftar en öðrum? – 55,3 % svarenda telja að 1-2 nemendum í bekknum sé strítt oftar en öðrum.

Spurning 14 – Hvar er helst verið að stríða í skólanum? – 65,7 % svarenda telja að mest sé um stríðni á göngunum og í skólastofunum. Hér vantaði reyndar að skólalóðirnar væru teknar með í könnuninni.

Við vitum að mörkin á milli góðlátlegrar stríðni og þess sem kallað er einelti geta oft verið mjög óljós. Ef við göngum út frá því að svarendur telji að stríðnin sé komin út í einelti þegar þetta gerist mjög oft eða oft, þá má reikna með að þessi 7 % (113 nemendur), eða 1-2 nemendur í hverri bekkjardeild að meðaltali, sem svarendur telja í 11. spurningu að sé strítt mjög oft eða oft verði í raun fyrir einelti í einhverju mæli.

Forvitnilegt er að bera saman niðurstöðurnar úr 11. spurningu við niðurstöður úr annarri könnun frá nánast sama tíma. Hér er átt við könnun frá skólum sem undanfarið hafa unnið sérstaklega með einelti eftir aðferðum sem kenndar eru við Olweus.



Mynd 20

Eins og fram kemur í samanburðinum á mynd 20 þá er mjög lítill munur á niðurstöðunum, nema í 9. bekk, þar sem fjöldinn í Akureyrarskólunum er þó nokkuð meiri.

Félagsleg tengsl nemenda í skólanum.

Félagsleg tengsl nemenda skiptir miklu máli í skólastarfinu og eftirfarandi spurningar reyna að fá fram vísbendingar um þau.

Spurning 4 – Færð þú að vera með í því sem þig langar til? – 86,1 % svarenda telur að þeir fái mjög oft eða oft að vera með í því sem þau langar til.

Spurning 5 – Áttu góða vini í skólanum? – 88,3 % svarenda telja að þeir eigi marga eða þó nokkra vini í skólanum.

Spurning 7 – Tekur þú þátt í félagsstarfi (klúbbum, böllum o.þ.h.) í skólanum? – 61,8 % svarenda segja að þeir taki mjög oft eða oft þátt í félagsstarfi í skólanum.

Með hliðsjón af því að nemendurnir mynda einnig margskonar önnur félagsleg tengsl utan skólans þá virðist þátttaka nemenda í félagsstarfi í skólanum vera innan eðlilegra marka.

Lokaorð.

Í lýsingu á aðdraganda verkefnisins á bls. 3 er rætt um að fá fjölbreyttari viðmiðanir fyrir starfsemi skólanna og því er óskað eftir að skólaþróunarsvið HA

„geri könnun á líðan nemenda í öllum grunnskólum bæjarins, til að fá sameiginlegt viðmið fyrir grunnskólana í bænum um þennan mikilvæga þátt hjá grunnskólunum.“

Ef dregin eru saman svör nemenda við spurningunum „Finnst þér gaman í skólanum?“, „Kvíðir þú fyrir að fara í skólann?“, „Er þér strítt í skólanum?“ og „Líður þér vel í skólanum?“, þá sjáum við á töflunni hér að neðan hvernig dreifingin verður:

Finnst þér gaman í skólanum?	alltaf eða næstum alltaf	78,1%
Kvíðir þú fyrir að fara í skólann?	sjaldan eða aldrei	93,1%
Er þér strítt í skólanum?	sjaldan eða aldrei	93,0%
Líður þér vel í skólanum?	alltaf eða oftast	88,2%
Meðaltal:		88,1%

Ef þessar fjórar spurningar eru hafðar til viðmiðunar um líðan nemenda í skólunum þá virðist 88,1 % nemenda telja sér líði vel í skólanum. Í ljósi niðurstaðna er mikilvægt að ekki verði hvíkað frá því grundvallar markmiði **að öllum nemendum líði vel í skólanum**. Hins vegar ef ganga má út frá því að niðurstöðurnar úr svörum nemenda gefi ásættanlegar upplýsingar um líðan þeirra í skólanum, þá virðist ekki óraunhæft árangursviðmið fyrir skólana á Akureyri að 94-95 % nemenda svari því til að þeim líði alltaf eða oftast vel í skólanum.

Varðandi önnur atriði sem koma fram í könnuninni og ástæða væri til að kanna frekar hvort hægt sé að bæta frá því sem könnunin sýnir má einkum nefna tvennt.

Annars vegar er það tæpast ásættanlegt að rúmur helmingur svarenda telur vinnufrið í kennslustundum sjaldan eða aldrei vera góðan.

Hins vegar virðist nærtækt að kannað sé frekar hvort unnt sé að styrkja enn frekar tengsl nemendanna við kennara og annað starfsfólk skólans.